

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Flóahrepps.

1. Sveitarstjórn Flóahrepps fer með stjórn Vatnsveitu Flóahrepps.
2. Lágmarksheimæðargjald fyrir eitt íbúðarhús sem tengist vatnsveitunni er kr. 200.000. Innifalið í gjaldi er tenging við vatnsveitu og lagning heimæðar, allt að 200 m frá stofnæð.
3. Lágmarksheimæðargjald fyrir lögbylí með einu íbúðarhúsi og atvinnustarfsemi er kr. 350.000. Innifalið í gjaldi er tenging við vatnsveitu og lagning heimæðar, allt að 200 m frá stofnæð. Sé um fleiri íbúðarhús að ræða gildir 2. tl. fyrir hvert viðbótarhús.
4. Heimæðargjald sumarbústaða/fristundahúsa er kr. 180.000. Innifalið í gjaldi er tenging við vatnsveitu og lagning heimæðar, allt að 100 m frá stofnæð.
5. Heimtaugargjald, fyrir land án húsa þar sem innifalinn er brynningarstandur, óraftengdur, með skriðloka, uppsettur og tengdur, er kr. 150.000. Innifalið í gjaldi er tenging við vatnsveitu og lagning heimæðar, allt að 100 m frá stofnæð.
6. Aukagjald fyrir lagningu heimæðar umfram 200 m frá stofnæð fer eftir sverleika samkvæmt eftirfarandi:
 - 25 mm heimæð eða grennri 520 kr./m
 - 32 mm heimæð 560 kr./m
 - 40 mm heimæð 600 kr./m
 - 50 mm heimæð 630 kr./m
 - 63 mm eða sverari 700 kr./m
7. Heimilt er að dreifa greiðslum heimæðargjalda í þrennt en greiðslum skal vera lokið fyrir tengingu við Vatnsveitu Flóahrepps.
8. Skilyrt er að tenging við hús sé framkvæmd af starfsmanni Vatnsveitu Flóahrepps.
9. Þar sem leggja þarf lögn undir veg fellur kostnaður vegna þess á viðkomandi vatnstengingu.
10. Gjaldskrá breytist í janúarmánuði ár hvert til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar sem er í nóvember 2008; 463,8.
11. Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps skv. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og tekur gildi við birtingu hennar.
12. Eldri gjaldskrá nr. 447/2007 fellur úr gildi við gildistöku þessarar gjaldskrár.

Flóahreppi, 7. janúar 2009.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. janúar 2009